

Kaupfélag Borgfirðinga

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Reikningsskilaaðferðir	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 11

Kaupfélag Borgfirðinga
Borgarbraut 58-60
310 Borgarnes
kt. 680169-6679

Skýrsla og áritun stjórnenda

Kaupfélag Borgfirðinga er nú rekið sem eignarhaldsfélag, að undanskyldu því að í árslok yfirtók félagið aftur Búrekstrardeild KB.

Á árinu var samið við Samkaup hf og helsta eiganda þess, Kf. Suðurnesja svf um samruna KB Borgarnesi ehf og Samkaupa hf. Var skipt á hlutabréfum í KB Borgarnesi ehf fyrir bréf í Samkaupum hf. Eignarhlutur Kf. Borgfirðinga svf í Samkaupum er nú stærsta einstaka eign félagsins þannig að miklu skiptir að rekstur þessi gangi sem best. Þá var lokið uppbyggingu nýs húss að Egilsholti 2a, og er sú fasteign nú leigð út á langtímaleigu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins að fjárhæð 230,2 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé þess í árslok 339 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningi varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnsjóður félagsmanna nam 5,8 milljónum króna í árslok og skiptist á 355 félagsmenn. Heildarfjöldi félagsmanna í árslok var 1.368 og hafði fækkað um 35 á árinu.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningum.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 9. mars 2005.

Í stjórn félagsins:

Kaupfélagsstjóri:

Sveinn Hallgrímsson
stjórnarformaður

Guðsteinn Einarsson

Guðbjartur Gunnarsson
varaformaður

Guðrún Sigurjónsdóttir
ritari

Pétur Geirsson
meðstjórnandi

Guðbrandur Guðbrandsson
meðstjórnandi

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskila- aðferðir og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Borgarnesi, 9. mars 2005.

PricewaterhouseCoopers hf

Geir Geirsson
endurskoðandi

Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
Rekstrartekjur			
Sala		0	39.282.466
Aðrar rekstrartekjur		22.842.657	17.289.773
		<u>22.842.657</u>	<u>56.572.239</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		0	1.719.725
Laun og launatengd gjöld		5.799.713	3.587.038
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		(956.000)	625.000
Birgðabreyting framleiðsluvara		0	44.047.191
Annar rekstrarkostnaður		13.464.866	11.577.882
Afskriftir	1	3.326.817	1.639.861
		<u>21.635.396</u>	<u>63.196.697</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		1.207.261	(6.624.458)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		1.714.285	208.205
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(22.797.144)	(15.266.200)
Fenginn arður og hagnaður af sölu hlutabréfa		250.097.027	45.163.361
Niðurfærsla hlutafjáreignar og tap af sölu hlutabréfa		0	(59.685.377)
		<u>229.014.168</u>	<u>(29.580.011)</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		230.221.429	(36.204.469)
Tekjuskattur		0	0
Eignarskattur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>230.221.429</u>	<u>(36.204.469)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	Skýr.	2004	2003
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild		2.000.000	0
		<u>2.000.000</u>	<u>0</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
	1		
Fasteignir		195.636.032	142.424.060
Áhöld og tæki		2.113.434	0
		<u>197.749.466</u>	<u>142.424.060</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	2	449.498.673	187.268.906
		<u>449.498.673</u>	<u>187.268.906</u>
Fastafjármunir samtals		<u>649.248.139</u>	<u>329.692.966</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		3.779.567	0
Viðskiptakröfur	3	4.306.262	4.394.519
Aðrar skammtímakröfur		321.985	861.507
Handbært fé		828.099	1.117.227
		<u>9.235.913</u>	<u>6.373.253</u>
Eignir samtals		<u>658.484.052</u>	<u>336.066.219</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2004	2003
Eigið fé	4		
Stofnsjóður og bundið eigið fé		5.857.717	5.761.354
Annað eigið fé		333.211.399	103.342.227
		<u>339.069.116</u>	<u>109.103.581</u>
 Skuldir			
Víkjandi lán og skuldbindingar :			
Víkjandi lán	6	8.838.265	8.505.443
Lífeyrisskuldbindingar	5	22.630.000	23.586.000
		<u>31.468.265</u>	<u>32.091.443</u>
 Langtímaskuldir:	7		
Skuldir við lánastofnanir		255.958.169	126.327.606
		<u>255.958.169</u>	<u>126.327.606</u>
 Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		1.996.815	41.828.157
Viðskiptaskuldir		12.002.630	9.345.223
Aðrar skammtímaskuldir		5.233.015	6.685.954
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	7	12.756.042	10.684.255
		<u>31.988.502</u>	<u>68.543.589</u>
 Skuldir samtals		319.414.936	226.962.638
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>658.484.052</u>	<u>336.066.219</u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	8		
 Aðrar upplýsingar	9		

Sjóðstreymi ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		230.221.429	(36.204.469)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	3.326.817	1.639.858
Aðrir liðir		(242.539.892)	(13.289.064)
		<u>(8.991.646)</u>	<u>(47.853.675)</u>
 (Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		627.780	10.876.036
Birgðir		(3.779.567)	44.047.191
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.204.468	(4.680.934)
		<u>(1.947.319)</u>	<u>50.242.293</u>
 Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>(10.938.965)</u>	<u>2.388.618</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(60.652.223)	(129.492.906)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	32.025.390
Keyptir/seldir eignarhlutar í öðrum félögum		(13.132.398)	49.538.487
		<u>(73.784.621)</u>	<u>(47.929.029)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Útborgað eigið fé		(255.894)	(372.507)
Afborgun af lífeyrisskuldbindingu og innlánsdeild		(4.448.013)	(3.634.404)
Afborganir langtímalána		(10.735.171)	(69.389.167)
Ný langtímalán		139.704.879	119.386.500
Skammtímalán, breyting		(39.831.342)	667.217
		<u>84.434.459</u>	<u>46.657.639</u>
 Lækkun á handbæru fé		(289.127)	1.117.227
Handbært fé í upphafi ársins		1.117.227	0
 Handbært fé í lok árs		<u>828.099</u>	<u>1.117.227</u>

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Rekstrarreikningur

Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði. .

Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi:

Fasteignir	2-4%
Áhöld og tæki	15-20%

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúarbyrjun 2004. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Skýringar

1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	147.924.691	0	147.924.691
Keypt á árinu	56.538.789	2.113.434	58.652.223
Heildarverð 31/12	204.463.480	2.113.434	206.576.914
Afskrifað 1/1	5.500.631	0	5.500.631
Afskrifað á árinu	3.326.817	0	3.326.817
Afskrifað 31/12	8.827.448	0	8.827.448
Bókfært verð 31/12 2004	195.636.032	2.113.434	197.749.466

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Fasteignir eru metnar þannig:	98.297.000	22.704.000	250.227.000	195.636.032
	98.297.000	22.704.000	250.227.000	195.636.032

2. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Samkaup hf	57.612.056	381.967.992
Borgarland ehf.	27.500.000	36.087.833
Sveitir ehf	18.750.000	18.750.000
KB fjárfestingarfélag ehf	8.000.000	8.000.000
Eignarhlutir í öðrum félögum og sjóðum (samtals 5 félög)	4.193.492	4.692.848
	116.055.548	449.498.673

Kaupfélagið er eigandi alls hutafjár í KB fjárfestingarfélagi ehf. og helmingseigandi að BK fasteignum ehf. Þessi félög eru með óverulegan rekstur og áhrif á stöðu Kaupfélagsins óveruleg og því er ekki samin samstæðureikningsskil.

3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslu-reikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslureikningi greinist þannig:

Frá fyrra ári	41.400.000
Afskrifaðar kröfur á árinu	(41.400.000)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	704.254
Niðurfærsla 31/12	704.254

Skýringar

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnsjóður og bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1.1	5.762.954	103.344.627	109.107.581
Vextir til stofnsjóðs	350.658	(350.658)	0
Breyting stofnsjóðs	(255.895)		(255.895)
Hagnaður ársins		230.221.429	230.221.429
Jöfnuður 31.12	<u>5.857.717</u>	<u>333.215.399</u>	<u>339.073.116</u>

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	5.689.217
Menningarsjóður	168.500
	<u>5.857.717</u>

5. Lífeyrisskuldbindingar

Félagið hefur gert eftirlaunasamning við fyrrverandi stjórnanda. Skuldbinding félagsins hefur verið reiknuð út og nemur hún 23,6 millj. kr. í árslok m.v. 3,0% vexti. Skuldbinding var 22,6 millj. kr. í ársbyrjun og hefur hún því lækkað um 956 þús. kr. á árinu. Skuldbindingin er færð meðal langtímaskulda í ársreikningnum og breytist hún þannig á árinu.

Staða 1.1 2004	23.586.000
Greitt á árinu	(4.448.013)
Hækkun á árinu	3.492.013
Lífeyrisskuldbinding 31.12 2004	<u>22.630.000</u>

6. Víkjandi lán

Á árinu 2000 gaf félagið út skuldabréf að fjárhæð 7,5 millj. kr. með víkjandi rétti. Bréfið sem er til 5 ára hefur eiginleika eigin fjár að því leyti að það víkur fyrir öðrum skuldum félagsins ef því yrði slitið. Vextir eru fastir 7% og lánið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs.

Skýringar

7. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán, vextir 6 - 8,75%	176.733.408
Gengistryggð lán	91.980.803
	<u>268.714.211</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

Árið 2005	12.756.042
Árið 2006	10.115.428
Árið 2007	9.445.585
Árið 2008	9.445.585
Síðar	226.951.571
	<u>268.714.211</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 268.714.211 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	12.756.042
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	255.958.169
	<u>268.714.211</u>

8. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Fasteignir félagsins, sem bókfærðar eru á 195,6 millj. kr. og hlutabréf sem bókfærð eru á 449,5 millj. kr. í árslok eru veðsett til trygginga á langtímaskuldum, sem námu 268 millj. kr. á sama tíma.

Þar að auki hefur félagið ábyrgst vaxtagreiðslur fyrir eitt af dótturfélögum sínum til næstu fimm ára. Um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

9. Aðrar upplýsingar

Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2004 vegna rekstrarársins 2003. Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist á móti skattalegum hagnaði næstu tíu árin.